

# Stuðningsyfirlýsing

Stéttarfélagin í Suðurkjördæmi lýsa yfir fullum stuðningi við félag okkar í Straumsvík og stéttarfélag þeirra í vinnudeilu við Samtök atvinnulífsins og Rio Tinto Alcan. Framganga hins alþjóðlega fyrirtækis með stuðningi SA felur í sér aðför að verkalýðsfélögum og þar með félagsmönnum þeirra og verður ekki lengur við unað.

Framganga SA og stuðningur við aðgerðir Rio Tinto í þessu máli samræmist ekki málflutningi samtakanna um sameiginlegt vinnumarkaðsmódel og sátt þeirri er því fylgir.

## Stéttarfélagin í suðurkjördæmi:

Báran stéttarfélag  
Drífandi stéttarfélag  
Verkalýðsfélag Grindavíkur  
Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis  
Verkalýðsfélag Suðurlands  
Verslunarmannafélag Suðurlands

